

Grunntryggingafjárhæð er lögð til grundvallar ákvörðunar um tryggingafjárhæð, fjárhæð iðgjalds og stofngjalds í Ferðatryggingasjóð.

Grunntryggingafjárhæð byggist á tryggingaskyldri veltu og er reiknuð á eftirfarandi hátt:

Fundin eru eftirfarandi gildi:

- G: Grunntala sem er meðaltal heildar tryggingaskyldrar veltu tveggja tekjuhæstu mánaða rekstrarárs.
- N: Meðalfjöldi daga frá fullnaðargreiðslu þar til ferð hefst,
- h: Meðalhluftall staðfestingargreiðslna af heildargreiðslum
- d: Meðallengd ferða í dögum

Grunntryggingafjárhæð GT er reiknuð með eftirfarandi reiknireglu: $GT = G \cdot (N/30) + G \cdot h + G \cdot d/30$.